



Gatnagerðargjöld Hafnarstræti 21 Þingeyri

Álögð gatnagerðargjöld vegna Hafnarstrætis 21, Þingeyri, eru kr. 6.880.664.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjald, er stofn til álagningar gatnagerðargjalds fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð.

Í 6. gr. laganna má finna sérstaka lækkunarheimild en þar segir að sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði. Er sveitarstjórn heimilt að tilgreina í samþykkt sinni um gatnagerðargjald hvernig fara skal með þetta ákvæði.

Í 7. gr. gjaldskrár (samþykktar) Ísafjarðarbæjar um gatnagerðargjöld má finna sömu heimild og vísað til „sérstakra aðstæðna“ án frekari tilgreiningar. Verður því að horfa til orðalags lagaákvæðisins og framlagðra röksemda þegar mat sveitarstjórnar á aðstæðum fer fram.